

31. júlí 2007

Efni:

- ▶ Gróðursetning
- ▶ REYKA - dagur

KERHRAUNSFRETTIR

7. tbl. - 4. árg.

Gróðursetning

Til gamans læt ég fylgja með frétt sem birtist á mbl.is 23. júní sl. um veðrið þennan dag.



"Gríðarlegt moldar- og sandfok hefur verið meðfram suðurströndinni í dag og lítt sést til fjalla vegna moldarmisturs ofan af hálendinu. Svartir dagar hjá gróðurunnendum og þörf áminning til landsmanna um að stöðva þurfi gróðureyðingu segir Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri."

Já kæru Kerhraunarar þetta var laugardagurinn 23. júní sl. sem við völdum fyrir fyrstu gróðursetningu í sögu félagsins. Þrátt fyrir veðrið mætti einvala lið til að koma plöntunum niður og gekk gróðursetningin bæði hratt og vel fyrir sig. Menn brettu upp ermum og pírdðu augun til að sjá í verstu rokunum og þegar gróðursetningunni var lokið fór folk á pallinn til Sóleyjar og þar grilluðum við pylsur. Stjórn félagsins vill þakka öllum þeim sem lögðu það á sig að mæta kærlega fyrir og nú er bara að bíða og sjá hvort plöntunum hefur orðið meint af bæði að rokinu og ekki síst þeim þurrkum sem verið hafa undanfarið.



Sjá fleiri myndir: <http://www.kerhraun.is/myndir230607/>

Verzlunarmannahelgin

Hver man ekki hvað það var gaman hjá okkur í fyrra og varla ástæða að minna á að nú er komið að því að hittast í annað sinn á laugardaginn þann 4. ágúst nk. Kl. 20:00 niður við vegamótin. Þegar þangað er komið ákveðum við framhaldið en á einhverjum tímapunkti dregur Guðrún fram úr tösku sinni REYKA og eftir það er framhaldið óákveðið.



Þessi mynd er frá 2006 og takið eftir hvað stendur á pokanum



Þetta var í pokanum

Munið svo eftir að klæða ykkur vel því það er allra veðra von um verzlunarmannahelgi, takið með ykkur góða skapið og allt það sem við á.

Sjáumst hress



Stjórnin er með allt á hreinu fyrir svona 4. ágúst uppákomur